

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Siglufirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	12.9.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	504438,502 628597,321

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik og engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók fyrir Olíudreifingu á Siglufirði, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Rekstrarhandbók reyndist í góðu lagi.

Mælingar á olíuleifum í frárennsli olíuskilju voru framkvæmdar með olíuprófi Macherey Nagel. Ekki greindist olía í frárennslinu.

Birgðastöðin var tæmd sl. sumar og hreinsun hennar stendur yfir. Gátlisti úr rekstrarhandbók ODR vegna hreinsunar birgðastöðvar við rekstrarstöðvun samanstendur af átta skrefum en fimm skrefum er lokið í birgðastöðinni á Siglufirði.

Tankur 580.01.00 hefur verið fjarlægður af lóðinni.

Hús sem tilheyrðu birgðastöðinni hafa verið fjarlægð. Sum þeirra þjónuðu sem hluti af girðingu og því er opið inn á stöðina. Allir tankar eru tómir og læstir, því er ekki gerð athugasemd við óhindrað aðgengi.

Vikulegt eftirlit er með stöðinni frá Akureyri.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.09.2017

Steinunn Karlsdóttir

Steinunn Karlsdóttir